

Verksamningur vegna „Heilsueflandi samfélag“ í Hafnarfirði.

Hafnarfjarðarkaupstaður, kt, 590169-7579 og Vera ráðgjöf ehf., kt, 520109-1510 gera með sér eftirfarandi samning:

1. Markmið verkefnisins Heilsueflandi samfélag í Hafnarfirði er að efla vitund og áhuga íbúa og forsvarsmanna fyrirtækja og stofnana í Hafnarfirði á heilsueflingu. Tilgangurinn með heilsueflandi samfélagi er að stuðla að bættri lýðheilsu og glæða áhuga á forvörnum og heilsueflingu. Í Hafnarfirði verði skapað samfélag þar sem fólki er gert auðvelt að taka heilsusamlegar ákvarðanir þegar kemur að áhrifaþáttum góðrar heilsu.
2. Vera ráðgjöf mun á tímabilinu maí til september vinna að eftirfarandi verkefnum:
 - a) Nýr stýrihópur – Fundur og undirbúningur. (4 tímar)
 - b) Kynningar á niðurstöðu skýrslu, undirbúningi verkefnis og innleiðingu fyrir sviðum bæjarins - undirbúningur og vinna (10 tímar).
 - c) Vinna við aðgerðaráætlun þáttur: Hreyfing - undirbúningur, vinna og úrvinnsla (26 tímar). Unnið með stýrihóp.
 - d) Kynningar á aðgerðaráætlun fyrir bæjarráði, sviðum og bæjarstjórn - undirbúningur og fundir (20 tímar)
 - e) Endurskoðun aðgerðaráætlunar eftir kynningar (15 tímar)
 - f) Kynningarráðgjöf og efnisvinna vegna sýnileika með samskiptastjóra og Markaðsstofu Hafnarfjarðar (20 tímar).
3. Hafnarfjarðarkaupstaður og Vera ráðgjöf umnu sameiginlega vinna að því að hvetja einstaklinga og fyrirtæki til þátttöku í að byggja upp heilsueflandi samfélag í Hafnarfirði. Auk stofnana bæjarins verða fyrirtæki hvött til að innleiða heilsueflandi áherslur á sínum vinnustað með áherslu á heilsu og bættan lífstíl. Þetta verður m.a. gert með fræðslu um heilsutengd málefni. Markmiðið með þessum aðgerðum er hugarfarsbreyting meðal íbúa og betri lýðheilsa.
4. Vera ráðgjöf mun vinna sem samsvarar 32 tímum á mánuði í þrjá mánuði við þau verkefni sem tilgreind eru í grein 2 í þessum samningi. Það er skilningur beggja aðila að vinnan geti dreifst á fimm mánuði. Fyrir vinnu Veru ráðgjafar greiðir Hafnarfjarðarkaupstaður þrjár greiðslur kr. 416.000 hver, auk VSK. Fyrsta greiðsla skal greidd í síðasta lagi 10. júní, önnur 10. ágúst og sú síðasta 10. september. Með reikningi skal fylgja tímaskýrsla fyrir unnin tíma ásamt skýringu um hvað var gert.

Hafnarfirði x maí 2016